



# Skýrsla stjórnar MTB starfsárið 2019 - 2020

## Skipan stjórnar

Í stjórn Menningarfélagsins Tjarnarbíó leikárið 2019- 2020, sátu Ólöf Ingólfssdóttir, sem kosin var í stjórn á aðalfundi 2018 og kosin formaður á fyrsta fundi stjórnar, Sara Marti Guðmundsdóttir meðstjórnandi kosin í stjórn á síðasta aðalfundi og Bergdís Júlía Jóhannsdóttir, kosin meðstjórnandi. Varamaður Sveinn Óskar Ásbjörnsson. Orri Huginn Ágústsson, formaður SL, var áheyrnarfulltrúi í stjórn MTB.

Ólöf, Bergdís og Sveinn hverfa nú úr stjórn og þakkar Menningarfélagið Tjarnarbíó þeim góð og velunnin störf undanfarin ár.

Stjórn hélt alls 4 fundi frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 18. nóvember til loka 26. júní 2020. Á tímum covid19 í mars voru engir fundir. Stjórn hefur nýtt samskiptamiðilinn fésbók til samtala og upplýsingagjafir á milli funda.

## Fjárhagur

Rekstrarreikningur almanaksársins 2019 verður kynntur hér á eftir og borinn upp til samþykktar. Helstu tölur hans sýna að rekstrartekjur, miðasala og leigutekjur, aukast á milli árána 2018 og 2019. Gjöld aukast einnig að sama skapi og er tap af rekstri árið 2019 3,4 milljónir. Aukning tekna og gjalda kemur mikið til bæði af auknum leigutekjum af viðburðum sem og kaffihúsarekstri en MTB tók yfir rekstur kaffihúss alfarið 1. mars 2018.

## Aðsókn og miðasala

Sé velta og áhorfendafjöldi skoðaður sést að Leikárið 2019 – 2020 var miðasöluvelta alls 43.554.364 kr. Sem er örlítill samdráttur frá leikárinu 2018 – 2019 þegar miðavelta var rétt rúmar 44 milljónir. Fjöldi útgefna miða í gegnum miðasöluferfi tix var alls 16.699 sem er 8,5% fækkun frá fyrra leikári. Þá ber að hafa í huga að Tjarnarbíói var gert að loka í heimsfaraldri covid19 og voru engir viðburðir í sýningu frá 16. mars til 25. maí. Samtals voru 213 viðburðir á leikárinu, þar af 57 leiksýningar, 40 barnasýningar, 5 danssýningar, 22 tónleikar, 24 önnur sviðslistaverk, 33 uppstandsviðburðir, 5 kvikmyndasýningar, 12 ráðstefnur eða fyrirlestrar og 15 aðrir viðburðir

## Viðburðir ársins

Samstarfsverkefni 2019 - 2020 voru 10 talsins og verkefnavalið fjölbreytt úrval af sviðsverkum, dansverkum og verkum fyrir börn. Verkin hefðu verið 12 ef ekki hefði komið til lokunar vegna heimsfaraldurs. Þau tvö verk sem náðist ekki að sýna, Verk nr. 2 (Steinunn Ketilsdóttir) og Tréð (Sara Martí Guðmundsdóttir og Agnes Wild), flytjast yfir á næsta leikár.

Verkefnin voru:

Independent Party People í flutningi leikhópsins Sálufélaga - alls 3 sýningar og 361 áhorfendur  
 Lífið: Stórskemmtilegt drullumall í flutningi leikhópsins 10 fingur - alls 13 sýningar og 1.103 áhorfendur  
 Endurminningar Valkyrju í flutningi leikhópsins Endurnýttar væntingar - alls 7 sýningar og 636 áhorfendur.

ROCKY! í flutningi leikhópsins Óskabarna ógæfunnar - alls 11 sýningar og 659 áhorfendur

Fegurð í mannlegri sambúð - alls 9 sýningar og 686 áhorfendur

Spills eftir Rósu Ómarsdóttur - alls 3 sýningar og 176 áhorfendur

Jólasýning Svansins - alls 2 sýningar og 282 áhorfendur

Jólaævintýri Þorra og Þuru í flutningi leikhópsins Miðnættis - alls 6 sýningar og 975 áhorfendur

Hans klaufi í flutningi Leikhópsins Lottu - alls 20 sýningar og 2.552 áhorfendur

The Brogan Davison Show í flutningi leikhópsins Dance for me - alls 2 sýningar og 115 áhorfendur

Gestasýningar og önnur verkefni:

Tjarnarbíó tók á móti 2 erlendum sviðslistahópum með sýningarnar Kýrin sem hlær og Lunch / Hádegisverður (Norrænt samstarfsverkefni).

Tjarnarbíó var líka einn af helstu sýningarstöðum á danshátíðinni Reykjavík Dance Festival og voru alls 5 verkefni sýnd í Tjarnarbíó. Þemað í ár var inngilding og voru tvö verkana flutt af einstaklingum með ýmiskonar fatlanir. Eitt verkana fjallaði um upplifun ungs fólks af kynlífi, kynhneigð, kyngerfi og kynferðisofbeldi.

Tjarnarbíó hósti tvær sýningar leikhópsins Reykjavík Ensemble International Theatre Company, gjörninginn Opnunarhátíð / Opening Ceremony og dans- og sviðsverkið Polishing Iceland. Leikhópurinn var í byrjun árs 2020 valinn "Listhópur Reykjavíkurborgar 2020"

Tjarnarbíó hósti einnig listahátíðina LÓKAL og fóru vinnusmiðjur listamanna fram í húsinu.

Þá voru uppistand, spuni og tónleikar einnig áberandi á leikárinu.

## Viðtökur við sýningum, tilnefningar og verðlaun

Samstarfssýningar Tjarnarbíós hafa vakið verðskuldaða athygli og jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum og þá hafa sumir fjölmiðlar imprað á mikilvægi Tjarnarbíós í sviðslistaumhverfinu.

Samstarfssýningar Tjarnarbíós hafa einnig verið áberandi í tengslum við sviðslistaverðlaun Grímunnar. Samstarfssýningar Tjarnarbíós 2019 - 2020 fengu samtals 10 tilnefningar en hlutu á endanum tvönn Grímuverðlaun þ.e.

Sveinn Ólafur Gunnarsson leikari ársins í aðalhlutverki fyrir ROCKY!  
Nicolai Hovgaard Johansen hljóðmynd ársins fyrir Spills.

Auk þess var Reykjavík Dance Festival, einn helsti samstarfsaðili Tjarnarbíós, útnefndur sem Sproti ársins 2020.

## Starfsmannamál

Alls voru 6 starfsmenn á launaskrá hjá félaginu á leikárinu 2019 - 2020

Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri í 75% starfshlutfalli

Sindri Þór Sigríðarson, markaðsstjóri í 75% starfshlutfalli

Stefán Ingvar Vigfússon, tæknistjóri í 30% starfshlutfalli

Aron Martin Ásgerðarson, tæknistjóri í 30% starfshlutfalli

Bryndís Ósk Ingvarsdóttir, sviðsstjóri í 50% starfshlutfalli

Marta Kolbuzewska, vaktstjóri á kaffihúsi í fullu starfi.

Starfsfólk í vaktavinnu á bar og miðasölu er á hverjum tíma um 10 - 15 manns.

## Kaffihúsareksturinn

Vörusala var rétt rúmar 18 milljónir á árinu 2019 en vörukaup voru rúmlega 8 milljónir. Það er nokkuð ljóst að það er töluverður ávinningur af kaffihúsarekstrinum sérstaklega í tengslum við viðburði.

Dagrekstur hefur ekki skilað hagnaði en í mars var hafinn vinna við að breyta matseðli og auka vöruúrval en þá skall á covid og þau plön voru sett til hliðar. Í ljósi fækkunar ferðamanna þótti ekki ástæða til að opna kaffihúsið aftur í sumar en stefnt verður á dagopnun í haust þegar sýningarhald hefst að fullu með nýju leikári. Tjarnarbíó hefur gert samkomulag við Gallery Flæði um reglulegar myndlistasýningar á veggjum kaffihússins. Fyrsta gallerí-opnun Flæðis er áætluð á RVK Fringe Festival í byrjun júlí.

## Tækjabúnaður og viðhald

Eftir að Hrólfur Jónsson skrifstofustjóri framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar lét af störfum hafa núverandi stjórnendur sviðsins ekki sýnt vilja til að endurnýja tækjabúnað hússins. Nú er veruleg þörf á því að endurnýja skjávarpa sem úreldist hratt í allri LED væðingunni enda orðinn ríflega 10 ára gamall. Virði tækjabúnaðar úreldist töluvert á hverju ári og það er brýnt að sú fjárfesting sem lagt var af stað í upphafi haldi virði sínu og því er brýnt að Reykjavíkurborg tryggji Tjarnarbíói árlega fjármagn til endurnýjunar á tækjabúnaði að fyrirmynd Borgarleikhúss sem fær verulegan stuðning á hverju ári.

Allt viðhald Reykjavíkurborgar á húsinu hefur verið til fyrirmyndar og starfsmenn Reykjavíkurborgar fljótir að bregðast við viðhaldstilkynningum. Takmarkað geymslurými fyrir leikmyndir er og hefur verið áskorun í okkar starfi. Þau fáu rými innandyra eru iðulega fullnýtt og höfum við brugðið á það ráð að geyma leikmyndir við bakvegg á sviði. Það er ekki hentug lausn og takmarkar notkun listamanna á sviðinu. Við höfum nú í mörg ár bent á þörfina fyrir betri geymsluaðstöðu og óskað eftir byggingu á geymslurými í portinu í stað tjaldsins sem hefur staðið þar undanfarin 5 ár. Með upphituðu geymslurými í porti væri þannig hægt að geyma hluta leikmynda og aðra muni.

## Stuðningur Reykjavíkurborgar

Í janúar var undirritaður nýr samstarfssamningur við Reykjavíkurborg til þriggja ára um rekstur Tjarnarbíós með sömu áherslum og áður á starfsemi sjálfstæðra sviðslistahópa. Á fundum með stjórnendum menningarmála Reykjavíkurborgar hefur verið skýr ánægja með samstarfið og árangur þess. Framlög til rekstursins voru hækkuð úr 15 milljónum árið 2019 í 20 milljónir árið 2020, 21 milljón árið 2021 og 22 milljónir árið 2022. Ein forsenda hækkunar var sú að hækka skyldi laun starfsfólks sem nú þegar er langt undir þeim kjörum sem ríkja á vinnumarkaði. Það er ljóst að ein af afleiðingum covid verður sú að ekki verður hægt að hækka laun á þessu ári.

## Covid 19

Í mars skall á heimsfaraldur sem óparfi er að fjölyrða um. Tjarnarbíó líkt og öðrum samkomustöðum var gert að loka þegar samkomubann skall á 16. mars. Margir viðburðir auk æfinga voru felldir niður og gestir fengu endurgreidda miða. Áfallið fyrir Tjarnarbíó var gríðarlegt þar sem yfir 60% rekstarfés Tjarnarbíós þarf að koma úr miðasölu og veitingarekstri. Framkvæmdarstjóri með stuðningi markaðstjóra fór þá leið að setja allt starfsfólk á föstum launum á hlutabótaleið sem ríkið bauð uppá og störfuðu allir í 25% stöðu fram til maíloka. Allur kostnaður var dreginn saman sem mest mátti. Leitað var til Reykjavíkurborgar eftir aðstoð sem var takmörkuð og sú leið á endanum farin að færa 2 milljónir af rekstrarstyrkjum haustins til að bjarga starfsemi fyrir horn. Vonir voru bundnar við að hlutabótaleiðin myndi nýtast Tjarnarbíó út júlí auk þess sem að MTB gæti sótt um lokunarstyrk. Ríkisstjórnin breytti forsendum lokunarstyrkja og hlutabótaleiðar þannig að aðeins fyrirtæki sem bera ótakmarkaða skattskyldu átti rétt á þeim stuðningi en ekki almenn félagasamtök líkt og Menningarfélagið Tjarnarbíó. Afleiðingar þessa verða þær að rekstur næsta leikárs verður erfiður og stærri hlutur rekstrarfés verður að koma úr starfsemi en áður.

## Framtíðin

Það er mikil gæfa fyrir sjálfstætt sviðslistafólk að hafa Tjarnarbíó til ráðstöfunar. Með leikhúsinu er greininni skapað ómetanlegt öryggi fyrir sína starfsemi og möguleikar til að skipuleggja leikhússtarfið í samræmi við þarfir sjálfstæðra sviðslistageirans. Á undanförunum árum hefur ímynd hússins styrkst mikið, sem aftur styrkir ímynd og sýnileika sjálfstæðs sviðslistafólks. Þó ber nokkuð á því að sviðslistahópar telji hag sínum betur borgið með því að fara í samstarf við Borgarleikhúsið eða Þjóðleikhúsið og sýna innan

þeirra veggja. Því er ljóst að Tjarnarbíó þarf að gera sig enn betur gildandi, bæði í huga sviðslistafólks og í samfélaginu.

Á vefsíðu Tjarnarbíós má lesa hver hlutverk, gildi og stefna Tjarnarbíós eru. Sú vinna sem liggur að baki þeim skilgreiningum sem þar eru settar fram átti sér stað fyrir nokkrum árum og nú er orðið tímabært að taka þær til endurskoðunar; staðfesta það sem enn á við og breyta því sem betur má fara. Jafnframt má setja ný markmið fyrir starfsemi hússins og vinna aðgerðaáætlun til næstu ára.

Að lokum vil ég þakka frábæru starfsfólki Tjarnarbíós fyrir þeirra störf, því þau eru sál hússins og skapa þann góða starfsanda sem hér ríkir.

Fyrir hönd stjórnar MTB,

Ólöf Ingólfssdóttir